

Nr. 824

30. ágúst 2013

## AUGLÝSING um deiliskipulag við Jökulsárlón, Sveitarféluginu Hornafirði.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum 20. júní 2013 deiliskipulag við Jökulsárlón samkvæmt 25. gr. skipulagslaga. Athugasemdir bárust og hefur þeim, sem gerðu athugasemdir verið send umsögn bæjarstjórnar. Deiliskipulagið felst í eftirfarandi. Afmörkun bílastæða og bílaumferðar. Afmörkun byggingarreita og skilgreiningu byggingarheimilda fyrir þær þjónustubyggingar sem nauðsynlegt verður talið að byggja. Helstu gönguleiðir og útsýnisstaðir þar sem æskilegt og/eða nauðsynlegt má telja að gripið verði til markvissrar mannvirkjagerðar og yfirborðsfrágangs til að forðast slit og skemmdir.

Deiliskipulagstillagan var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir. Skipulagsstofnun hefur afgreitt deiliskipulagið.

Deiliskipulagið öðlast nú þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar, 30. ágúst 2013,*

**Hjalti Þór Vignisson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 13. september 2013